



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

75. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í 23. kennslustofu miðvikudaginn 19. jan 1983. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari, Bogi Hallgrímss., Guðni Ingimundarson, Ingi Gunnarsson, Þórður Ólafsson, Sandgerði, Kalla B. Karlsdóttir, fulltrúi nemenda Sturlaugur Ólafsson fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson ritari.

Þetta gerðist:

I. Formaður bauð nefndarmenn velkomna á þennan fyrsta fund ársins, og óskaði þeim gleðilegs árs.

II. Skýrsla um skólaslit á haustönn, og upphafi haustannar.

Skólameistari hafði framsögu. Gat hann þess í upphafi að við skólaslitin sem fram fóru í Njarðvírkirkju kl. 2 e.h. þann 18. des sl. hefði nýstofnaður kór skólans sungið nokkur lög, og var góður rómur gerður að söngnum. Að öðru leyti fóru skólaslit fram eins og áformað var. Ingólfur Halldórsson flutti yfirlit um skólastarfið á haustönn, en skólameistari afhenti prófskírteini og ávarpaði brautskráða nemendur.

Kynnir var Hjálmar Árnason. Fyrir þessa athöfn höfðu 457 prófskírteini verið afhent, en nú bættust við 29 og var því tala brautskráðra eftir haustönn 1982 486.

Lokaprófum luku nú 21 piltur og 8 stúlkur; 13 úr Keflavík, 2 úr Njarðvík, 2 úr Sandgerði, 1 úr Gerðahreppi, 1 af Vatnsleysuströnd, og 10 utan svæðis skólans, þar af 2 úr Kópavogi, 2 úr Reykjavík, 2 frá Sauðárkróki, 1 úr Hafnarfirði, 1 af Hellissandi, 1 úr Ólafsvík og 1 frá Seyðisfirði.

Brautaskipting var: 5 af tveggja ára brautum, 8 flugnemar, 6 iðnnemar, 10 stúdentar. Alls stunduðu nám í skólanum á haustönn 718 nemendur í dagskóla og öldungadeild.

Vorönn hófst 10. jan. sl., og verða nemendur sennilega eitthvað færri en á haustönn, einkum í öldungadeild. Þátttökugjald þar var ákveðið kr. 1200.- en var áður kr. 850.- Fyrirmæli menntamálaráðuneytis um gjaldið til MH og FB voru kr. 1400.- en lækun fékkst á því.

Þrengsli verða nokkur í skólanum áfram eins og á haustönn, og verður því að leigja áfram í Gagnfræðaskólanum. Verður skólameistari stundum að kenna í skrifstofu sinni.

Sú breyting verður á kennaraliði á vorönn að Kristjana Héðinsdóttir og Sveinbjörn Gizurarson hætta, en í staðinn koma Borgþór Arngrímsson, Friðfinnur Skaftason og Ragnar Karlsson. Formaður þakkaði skólameistara skýrsluna. Bogi Hallgrímsson vakti athygli á héraðsskiptingu nemenda.

III. Formaður fór yfir fjárhagsáætlun 1983, sem undirbúin var af fjárhagsnefnd, og hefur þegar verið send út til sveitarfélaganna. Rekstursniðurstöður eru kr. 6.126.000. Hækkun frá áætlun 1982 er 60%. Til fjárfestingar er áætlað kr. 1.333.000, sem er nokkur lækun frá 1982, og stafar af því, að hlutur ríkisins í þeim lið er mun lægra en í fyrra. Lagði skólameistari fram yfirlit um breytingu fjármálaráðuneytis og tillögum sem menntamálaráðuneyti hafði gert, þessu til skýringar. (Sjá fylgiskjal).

IV. Í framhaldi af III. lið voru valdir í nefnd til þess að gera tillögum um hönnun framkvæmda við skólann, þeir Ingimundur Guðnason, Bogi Hallgrímsson og Gunnar Sveinsson, auk skólameistara.

Eins og fram hefur komið, er skólahúsið að Sunnubraut 336 meira en fullnýtt, og vantar alveg rými fyrir ýmsa stjórnun og félagsstarfsemi. Skólameistari hefur farið á fund menntamálaráðuneytis og tíðað þetta. Þar var m.a. (Hákon Torfason) minnst á hvort makaskipti gætu ekki átt sér stað milli Fjölbrauta- og Gagnfræðaskóla, þar sem hið síðarnefnda hús næði er ekki fullnýtt. Fyrir lá samningur um viðbyggingu Gagnfræðaskólahússins frá 1974, þar sem slegið er föstu að það skólahús eigi að nýta m.a. fyrir framhaldsskóla í Keflavík.

Ingólfur rakti byggingarsögu þessara skóla, sömuleiðis formaður. Fram kom í umræðunum, að vilji til makaskipta mundi vera lítill þó hagkvæmt kynni að vera eins og sakir standa að leysa hús-næðisþörf Fjölbrautaskólans á kostnað Gagnfræðaskólans. Áherslu þyrfti því að leggja á viðbótarbyggingu við Fjölbrautaskólann, eins og áætlað er í skipulagi, - auk hins að nýta betur Iðavelli undir verknám, en þangað er of dræm aðsókn, einkum í málmiðnaði.

V. Erindi frá Starfsmannafélagi Keflavíkurbæjar varðandi matráðskonurnar tvær hér við skólann. Þær sækja fast að vera í því félagi, en ekki Verkakvennafélagi Keflavíkur. Við athugun á málinu hefur komið í ljós, að matráðskonur við skóla eða aðrar stofnanir sem líkt er ástátt umr á landi eru meðlimir verkalyðsfélaga, eins og ræstingarkonur. Auk þess vinna þær ekki nema hluta úr ári. Annarri þessara kvenna greiða sveitarfélögin sem svarar hálfum launum og hinni fjórða hluta. Fram hefur komið að Lífeyrissjóður starfsmanna Keflavíkurbæjar hefur neitað að taka við lífeyrissjóðs- greiðslum af þeim, og bent á Lífeyrissjóð verkalyðsfélaganna á Suðurnesjum, enda hafi launatengdu gjöldin verið greidd þangað. Nefndin féllst því ekki á fyrirgreind erindi og telur rétt að matráðskonur verði í verkakvennafélaginu.

IV: Önnur mál.

a. Kalla B. Karlsdóttir, formaður nemendafél. F.S. ítrekaði tillögur félagsins um mötuneytismál sbr. fundargerð frá 22/9. og 4/11. sl. Á síðari fundinum lagði Ingólfur Halldórsson til, að nemendur athuguðu betur viðskipta-hliðina á málinu, í tengslum við kaup á tækjum og breytingu á húsnæði í skólanum, - með aðstöð fulltrúa frá skólanefnd. (Ingímundur og Hreinn). Þessi athugun hefur ekki farið fram enn, og málið verður því að bíða um sinn.

b. Skólameistari taldi þörf á að gera greinagóðan samning um notkun nemenda skólans af íþróttahúsi bæjarins. Benti fulltrúi nemendafélagsins á óþægilega tíma-röðun þar fyrir nemendur, og þyrfti að fá ýmsu breytt í því sambandi.

c. Reykningur frá Keflavíkurbæ fyrir afnot af íþróttahúsi

c. Reikningur frá Keflavíkurbæ fyrir afnot af íþróttahúsinu í desember. Skólinn notaði húsið ekkert þann mánuð, ekki frekar en í júní, júlí og ágúst ár hvert. Ingólfi og Valtý var falið að komast að niðurstöðu um málið í samráði við bæjarskrifstofuna.

d. Ingimundur Guðnason gerði fyrirspurn um hvað gerðist ef nemendur úr Gerða- og Miðneshreppi koma of seint í tíma á norgnana, vegna seinkunar skólabílsins, en það hefur komið fyrir. Skólameistari sagði að seinkun ætti ekki að koma til að jafnaði nema vegna ófærðar, og mundi slíkt ekki verða látið bitna á tímasóknareinkunnagjöf nemenda.

e. Í fundargerð skólanefndar frá 1. des. sl. hafði láðst að fara inn erindi nemenda í verknámsdeildum um "pappírsgjald". Erindinu var synjað og skólastjórnendum falið að gera nemendum grein fyrir orsökum þess.

Fleira var ekki gert, en fundi slitið.